



SAMBAND SVEITARFÉLAGA Á SUÐURNESJUM

Skógarbraut 945 • 235 Reykjanesbær • Kt. 640479-0279
Sími 420 3288 • Netfang sss@sss.is

756. fundur

Árið 2020, er fundur haldinn í stjórn Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum miðvikudaginn 20. maí, kl. 8:00 á skrifstofu S.S.S., Skógarbraut 945, 262 Reykjanesbæ.

Mætt eru: Einar Jón Pálsson, Kolbrún Jóna Pétursdóttir, Hjálmar Hallgrímsson, Ingþór Guðmundsson og Berglind Kristinsdóttir sem jafnframt ritaði fundargerð.

Einar Jón Pálsson setti fund og bauð fundarmenn velkomna á fundinn.

Dagskrá:

1. *Sóknaráætlun Suðurnesja – tillaga að áhersluverkefnum vegna COVID.*
 - a) Markaðssetning á Reykjanesi. Meðfylgjandi eru drög að kostnaðaráætlun og kynningarglærur á verkefninu. Við miðum við að allt sem við gerum mun nýtast í innlenda og erlenda framleiðslu. Einnig að öll sveitarfélög, stofnanir og fyrirtæki í ferðaþjónustu geti nýtt sér efnið ókeypis. Ekki verðar sendar út rukkanir til fyrirtækja vegna aðildargjalda til Markaðsstofunnar í ár. Verkefnið með Tjarnargötunni er einnig fjárfesting til framtíðar sem á eftir að nýtast fyrirtækjum og sveitarfélögum næstu árin sem gagnagrunnur til frekari sölu á sinni vöru en þetta er nýsköpunarverkefni þar sem ferðamenn geta búið til ferðina sína á netinu og fengið stutt myndband um hvern áfangastað. Horft er til þess að auka fjölda þeirra sem koma á svæðið ekki bara sem ferðamenn heldur líka að kaupa sér veitingar, fara í sund og fleira. Búið er að skipta þessu verkefni í fasa en þeir miðast við hvernig höftum verði aflétt eftir tilmælum Sóttvarnarlæknis. Framlag til þessa verkefnis er áætlað 30 mkr.
 - b) Framleiðsla á efni: Lifandi streymi frá ferðamannaperlum á Reykjanesskaganum. Framlag til þessa verkefnis kr. 3.000.000.
 - c) Sumarstörf og aðkeypt þjónusta. 1 stöðugildi með stuðningi úr aðgerðarpakka ríkisstjórnar. Auk þessa verða verkefnaráðið í skráningu á gangabanka. Störfin verða miðið af þörfum MR og RGP. Áætlaður kostnaður kr. 1.000.000,-

[Handwritten signatures and initials]
KJP
EJP